

Minnisblað til formanns samgöngunefndar um
Þskj. 1439 — 945. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir,
nr. 60/1998, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Efni frumvarpsins:

Athugasemdir við formið:

1. Við 2. gr. Í 1. másl. 2. gr. frv. segir: “Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, öryggisgjald, þar sem slík **leit** fer fram, til Flugmálastjórnar Íslands.”
2. Nú vísar “slik leit” ekki í neitt en áður var talað um vopnarleitargjald i stað öryggisgjalds. Það er því spurning um að umorða setningu, t.d. fella brott “slik” eða segja t.d. “þar sem vopna- og öryggisleit fer fram”
3. Við 3. gr. Í 2. másl. 1. mgr. a-liðar segir: “Hann gildir einnig um ókeypis **flutning enda annist flytjandi flutning.**” Þetta “annist flytjandi flutning” er einkennilegt orðalag og torskilið.
4. Við 3. gr. Í 3. mgr. b-liðar segir: “Gildissvið 125. og 126. gr. er markað sérstaklega í ákvæðunum.” Það er óvenjulegt að sjá svona í lagatexta en ekkert sem bannar þetta. Þetta er þó nánast tvítekning því ef sér regla á að vera í þeim greinum sem vísað er í á reglan að vera skýr þar og óþarft að taka hana fram annarsstaðar. Ef þetta á að standa er spurning hvort þetta eigi ekki betur heima í 86. gr. en 87. gr.?
5. Spurning hvort 4. mgr. d-liðar 3. gr. frv. ætti að vera frekar 3. mgr.
6. Við 3. gr. 2. másl. 2. mgr. j-liðar er langur og skortir nokkuð á samhengi þar sem í lok hans koma orðin “eða eiga við um sýnilegt ástand farmsins”. Þarna gæti etv verið heppilegra að umorða þennan lokahluta máslíðarins.
7. Við 3. gr. Í 5. mgr. w-liðar er vísað í 1. og 2. mgr. sömu greinar en spurning hvort ekki eigi líka að vísa í 3. mgr. þar sem hún takmarkar ábyrgð flytjanda.
8. Við 3. gr. í a-lið aa-liðar (115.gr. varnarþing) er talað um: “á heimilisvarnarþingi flytjanda eða þar sem flytjandi hefur aðalskrifstofu sína eða útibú”. Þarna mætti etv. nota starfsstöð þar sem yrði oftast túlkað víðar en útibú.
9. Við 3. gr. Í dd-lið (118. gr.) er lýst hver er (flytjandi í raun). Eftir það er svo notað bæði “flytjandi i raun” og “raunverulegur flytjandi”. Þarna mætti bæta samræmið og nota annað hvort. Þá tel ég að notkun á “flytjandi í raun” geti verið villandi þar sem

Það fyrsta sem kemur upp í hugann er flytjandi sem á í einhverri raun (vanda). Þarna er spurning hvort ekki fari betur að nota “raunflytjandi” eða eitthvað sambærilegt.

10. Við 3. gr. Í 2. mgr. dd-liðar (118. gr.) er vísað í 110. gr en spurning hvort þarna eigi ekki að vera vísað í 111. gr.
11. Við 3. gr. Í 1. mgr. kk-liðar (125. gr.). Við lok 1. másl. mætti etv. bæta inn “upplýsingar um” þar sem upptalningin þar sem upptalning í liðum a—c verður annars aðeins bjöguð og þá helst b-liður upptalningarinnar.
12. Umorða má 4. mgr. Þar segir: “Ferða- og samningsskilmálar skulu ávallt vera farþegum til reiðu á einfaldan og skýran hátt á vefsíðu og söluskrifstofum flytjanda, *hjá ferðaskrifstofum* og **umboðsaðilum hans** og við innritunarborð til brottfarar.” Þarna mætti etv. sleppa “hans” eða segja “umboðsaðilum hans” á undan “hjá ferðaskrifstofum”.

Nokkrar helstu athugasemdir frá umsagnaraðilum:

Umsagnir hafa ekki borist eða ekki gefist færi til að fara í gegnum þær.
Nokkur minnisblöð liggja fyrir.

Mál 946, frv. til l. um breyt. á l. nr. 31/1991, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, með síðari breytingum.

Ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið en bent á að utanríkisnefnd hefur Gadalajara-samninginn til umfjöllunar.

Nokkrar helstu athugasemdir frá umsagnaraðilum:

Umsagnir hafa ekki borist eða ekki gefist færi til að fara í gegnum þær.

Mál 947, frv. til l. um breyt. á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Athugasemdir við formið:

Skóða mætti orðalg 8. gr. frv. þar sem segir: “Tekjum af flugvallaskatti” og “Tekjum af varaflugvallagjaldi” en hvorgi skattinum né gjaldinu er ætlað að skila af sér tekjum í eiginlegri merkingu eða mynda stofn sem gefur af sér tekjur, heldur að standa undir kostnaði. Spurning hvort ekki sé réttara að fella brott “Tekjum af”. Það á ekki að hafa áhrif á efni greinarinnar.

N.B. Í gildandi lögum er talað um tekjur af flugvallagjaldi. Það virðist vera farið að tala um tekjur af skatti á einstaka stað í lögum og því má segja að þetta sé smekksatriði.

Gildistaka er 1. október 2004 og spurning hvort ESA-sættir sig við það.

Nokkrar helstu athugasemdir frá umsagnaraðilum:

Umsagnir hafa ekki borist eða ekki gefist færi til að fara í gegnum þær.